


Setja inn viðhengi í Sögu

Í viðhengjaeiningunni eru tveir flipar:





Flipinn **Samskipti** sýnir lista yfir öll samskipti valins einstaklingsins. Þessi flipi hentar best þeim sem eru að setja inn viðhengi eða skoða viðhengi í völdum samskiptum. **F7** er notað til að fara á milli samskipta í Viðhengjum og samskipta í Eyðublöðum.

Flipinn **Viðhengi** sýnir lista yfir öll viðhengi valins einstaklingsins óháð samskiptum. Þessi flipi hentar best þegar skoða á fleiri en eitt viðhengi. **F7** opnar **ekki** þennan flipa.

Með því að velja eininguna sjálfa opnast hún á þeim flipa sem síðast var unnið með (útg. 33.15).

Þegar setja á viðhengi inn í Sögu:

1. Velja/stofna samskipti í Eyðublöðum sem viðhengið á að tilheyra.
2. Smella á **F7**, við það opnast valin samskipti í Viðhengjum.
3. Velja **Viðhengi** og **Bæta við viðhengi** í fellivallistanum. Einnig hægt að hægri smella á valin samskipti og velja **Bæta við viðhengi** eða smella á flýtihnappinn .
4. Glugginn **Bæta við viðhengi** opnast: Skjalið sem setja á inn sem viðhengi er fundið, þar sem það er vistað og smellt á **Open**.



5. Viðhengið sést í samskiptunum.

09.02.2010 14:40	Á vettvangi	Kr
Heiti	△	Dags. og tími
Water lilies.jpg		09.02.2010 14:59
læknaþrefLSH.png		09.02.2010 14:42

6. Setja inn upplýsingar um viðhengið. Þessar upplýsingar koma fram í flípanum **Viðhengi** og eru gagnlegar þegar skoða þarf mörg eða öll viðhengi í sama flokki s.s. öll EKG, röntgensvör og fl.
7. Smellt er á **F7** til að fara aftur yfir í Eyðublöð.

Upplýsingar	
Dags. og tími	09.02.2010 14:59
Heiti	Water lilies.jpg
Skráarheiti	Water lilies.jpg
Lýsing	Röntgen mjóhryggur
Flokkur	Röntgen myndir
Starfsmaður	Sögu 3.1.33 kerfisstjóri